

Skotfimi var nú með í fyrsta skipti á Reykjavíkurlaikunum. Keppt var í loftbyssugreinunum í aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur í Egilshöllinni. Keppt var með nýjum skotbrautum sem félagið fékk fyrir stuttu síðan.

Í loftskammbyssu karla sigraði Ásgeir Sigurgeirsson úr Skotfélagi Reykjavíkur með 767,7 stig en í öðru sæti varð Thomas Viderö úr Skotfélagi Kópavogs með 747,4 stig. Þriðji varð svo Ívar Ragnarsson úr Skotfélagi Kópavogs.

Í loftskammbyssu kvenna sigraði Jórunn Harðardóttir úr Skotfélagi Reykjavíkur með 374 stig sem er jöfnun á hennar eigin Íslandsmeti. Í öðru sæti varð Bára Einarsdóttir úr Skotfélagi Kópavogs með 357 stig og í því þriðja Andrea Ösp Karlsdóttir einnig úr Skotfélagi Kópavogs með 338 stig.

Í loftrifflí karla sigraði sigraði Guðmundur Helgi Christensen úr Skotfélagi Reykjavíkur með 587,8 stig og Theódór Kjartansson úr Skotdeild Keflavíkur varð í öðru sæti með 537,6 stig. Þriðji varð Sigfús Tryggvi Blumenstein úr Skotfélagi Reykjavíkur með 532,4 stig. Arnar H. Bjarnason úr Skotfélagi Kópavogs bætti eigið Íslandsmet í unglingaflokki og endaði á 480,8 stigum.

Í loftrifflí kvenna sigraði Íris Eva Einarsdóttir úr Skotfélagi Reykjavíkur með 397,6 stig en Jórunn Harðardóttir varð önnur með 393,2 stig.

Nokkrar myndir [eru hérna](#). ÂÂ Nánari úrslit [hérna](#).